

ROLEX



MICHELSEN
URSMIDIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

...við prentum!
GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 4. febrúar 2009 - 5. tölublað - 5. árgangur

Veffang: visir.is - Sími: 512 5000 **visir**

Krónan
Styrking
ólíkleg í bráð



World Economic Forum
Lítill árangur í
Davos



Póra Helgadóttir
Hversu djúp,
hversu löng?



Green skoðar fataslár Baugs

Breski auðkýfingurinn Sir Philip Green er sagður hafa áhuga á að kaupa kvenfataverslunina Principles undan hatti Mosaic Fashions-keðjunnar, samkvæmt heimildum netmiðilsins Drapers. Ekki er þó útlit fyrir að af verði nema hann fái verslunina á sann-
SIR PHILIP GREEN
gjörnu verði.



Draper segir að unnið hafi verið að fjárhagslegri endurskipulagningu Mosaic Fashions upp á síðkastið. Baugur er stærsti hluthafinn en Kaupþing á fimmtungshlut.

Leiðir Baugs og Greens hafa margoft legið saman í gegnum tíðina, síðast í kjölfar bankahrunsins hér í október en þá gerði Green boð í hluta skulda Baugs við íslensku bankana.

Ýtti undir vandann

„Við verðum að spyrja hvort áhlaup hafi verið gert á Kaupþing Singer & Friedlander vegna óvarlegra ummæla fjármálaráðherrans [Alistair Darling],“ sagði fulltrúi samtaka innlánseigenda Kaupþings í Mön í gær fyrir breskri þingnefnd.

Það væri varlega sagt að ummæli Darlings um að íslensk yfirvöld ætluðu ekki að borga hefðu ýtt undir vandann. Þá mætti efast um, út frá útskrift samtals Darlings og Árna, að þetta hafi verið rétt hjá Darling.

Fulltrúar sveitarfélaganna og góðgerðasamtakanna voru því spurdir af nefndarmönnum hvort þeir töldu sig geta krafist skaðabóta vegna ummæla Darlings. Báðir fulltrúarnir sögðu málið flóknara en svo.

HELST Í ÚTLÖNDUM

Kínverjar í Straumsvík | Stjórnvöld í Kína hafa áhuga á að bæta eiginfjárstöðu ál- og námurisans Rio Tinto með hlutabréfakaupum í fyrirtækinu upp á fimmtán milljarða dala, jafnvirði 1.800 milljarða króna. Kaup árlisans á Alcan, sem meðal annars rekur álverið í Straumsvík, reyndist þyngrri byrði en til stóð.

Hóta flutningi | Stjórn finnsla farsímarisans Nokia hótaði í vikunni að flytja alla starfsemi sína úr landi nema stjórnvöld samþykki löggjöf sem veitir atvinnurekendum aðgang að tölvupóstum starfsmanna. Forsvarsmenn Nokia segja hana nauðsynlegt tól gegn iðnaðarnjósum.



Halda í myntina | Bankastjórn seðlabanka Afríkurlíkisins Simbabwe tók tólf nýll aftan af Simbabwevalnum í vikubyrjun. Þótt verðbólga hafi mælst 231 milljón prósent í síðustu mælingu í júlí í fyrra segir Gideon Gono seðlabankastjóri stjórnvöld bera fullt traust til gjaldmiðils landsins.

Verra en Ísland | Breska hagkerfið stendur verst allra þróaðra hagkerfa, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ísland telst til nýmarkaðsríkja og því ekki í hópnum. Sjóðurinn hefur breytt hagspá sinni og reiknar með að hagvöxtur á heimsvísu verði hálf prósent á árinu í stað 2,2 prósent áður.

Tapa á Íslandi | Nomura Holdings, umsvifamesta verðbréfamíðlun Japans, tapaði jafnvirði um 50 milljarða króna á falli íslensku bankanna í fyrra. Þetta eru tíu prósent af heildartapi fyrirtækisins í fyrra.

Lánveitandi tekur lán | Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) íhugar að gefa út skuldabréf til að mæta ásókn í aðstoð sjóðsins. Gangi þetta eftir verður útgáfan sú fyrsta í sögu AGS. Bandaríska dagblaðið The Wall Street Journal segir sjóðinn horfa til þess að auka lánagetuna um 750 þúsund milljarða króna. AGS er nú að ganga frá 100 milljarða dollara láni frá Japan en þrátt fyrir að efnahagslægð hafi plagað Japani um langt skeið liggur landið á einum stærsta gjaldeyrissvaraförða í heimi.

Fundið fé í útflutningi gamalla trukka

Veik króna hefur ýtt undir útflutning véla og tækja, nýrra sem gamalla. Vörubílar fara til Íraks, Líbanons og Beníns.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Útflutningur notaðra vinnuvéla hefur stóraukist vegna veikingar krónunnar. Gamlir trukkar sem áður fengust fyrir þrjú til fjögur hundruð þúsund krónur hafa síðan í haust skilað eigendum sínum nú sex til átta hundruð þúsund krónum í söluhagnað.

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötunn Véla á Selfossi, segir fyrirtækið í samstarfi við erlenda kaupendur, en útflutningurinn skiptist í raun í tvennt. Vörubílar séu einna helst sendir til Íraks, Líbanons og Benín í Afríku. „Síðan höfum við verið að kaupa aðeins af traktorgröfum og öðrum vinnuvélum. Þær hafa mest farið til Evrópu, þótt eitthvað hafi líka selst til Líbanon og til Suður-Ameríku. Hvað hinn hlutinn varðar, sem snýr að landbúnaðinum, þá höfum við mest verið að selja dráttarvélar til Póllands og eitthvað til Danmerkur.“

Vélnar segir Finnbogi að fyrirtækið kaupi af viðskiptavinum fyrirtækisins, bændum og minni verkötum og flytji svo úr landi. „Við byrjuðum fyrir um þremur árum á þessum útflutningi dráttarvéla til Austur-Evrópu,“ segir Finnbogi en fyrirtækið er jafnframt með starfsemi á tveimur stöðum í Danmörku. „Svo þegar tók að hægjast í þjóðfélaginu hér jókst áherslan á þennan þátt starfseminnar.“

Finnbogi bendir á að fyrir þessum þremur árum hafi 4.000 evru-verð fyrir tæki farið úr því að vera um 360 þúsund krónur í 600 til 800 þúsund. „Sama gildir um vörubíla,“ segir hann en elstu vörubílararnir sem fyrirtækið hefur keypt til útflutnings eru frá árinu 1960. „Eigendurnir eru að fá í vasann til sín 100 til 200 þúsund krónur fyrir elstu bíla og þessir gömlu kúlubensar, allt til 1980 eru að leggja sig á 300 til 400 þúsund. Og þetta eru kannski tæki sem hafa bara staðið einhvers staðar á bak við hús,



GAMLIR TRUKKAR Á ÚTLEIÐ Hjá Jötunn Vélu á Selfossi má sjá röð gamalla vörubíla bíða þess að verða fluttir úr landi. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir jafnframt mikið flutt út af dráttarvélum til Póllands. Þá hefur aukist eftirspurn eftir notuðum vinnuvélum á markaði hér innanlands.

þannig að það eru tækifæri í kveppunni,“ segir Finnbogi, en á um leið von á að úr þessum viðskiptum dragi þegar krónan taki að styrkjast á ný.

Í fyrra flutti Jötunn Vélar úr landi nálægt því 100 dráttarvélar og hafa keypt um 40 vörubíla í heildina og nálægt því 20 vinnuvélar. „Og við erum í þessu á fullu enn þá,“ segir Finnbogi, sem ekki óttast að hér verði tækjaskortur þegar hjól atvinnulífsins taki að snúast á ný. „Við munum tæpast þurfa að hafa það á samviskunni því mest eru þetta bílar sem staðið hafa á bak við hús til fjölda ára og eru bara fundið fé við þessar aðstæður. En svo hefur náttúrulega mikið verið flutt út af nýlegum bílum á vegum fjármögnunarfyrirtækjanna. Ég held samt tæpast að við verðum tækjalaus. Þegar hjólin fara að snúast aftur og vantar bíla getur viðkomandi verið betur settur með að kaupa bíl á milljón sem hentar honum þá, en með því að geyma bíl sem hann fengi milljón fyrir núna, en óvíst er að henti honum síðar.“

Ungir og óreyndir áhættufiklar

Fyrrum forstjóri Singer & Friedlander ber stjórnendum Kaupþings ekki vel söguna.

Það var tvennt, sagði Tony Shearer við yfirheyrslu breskrar þingnefndar um bankakrísuna í gær, sem olli því að hann vildi ekki halda áfram sem forstjóri Singer & Friedlander (S&F) eftir að Kaupþing tók bankann yfir. Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnarformaður Kaupþings, segir starfið aldrei hafa staðið honum til boða og yfirlýsingar Shearers verði að skoða í því ljósi.

Annars vegar sagðist Shearer hafa haft athugasemdir við rekstur Kaupþings eftir að hann skoðaði uppgjör félagsins frá desember 2004. Sérstaklega krosseignarhald og að gróði bankans af hefðbundnum bankarekstri hafi einungis verið um tíu prósent. Hins vegar sagði Shearer að eftir að hafa hitt stjórnendur Kaupþings hafi hann metið það svo að þetta væri ekki fólk sem hann vildi starfa með. Í stjórn Kaupþings hafi setið ungir og óreyndir bankamenn. Þá hafi stefna bankans verið áhættusæknari en hann taldi rétt.

Vegna þessara athugasemda segist Shearer hafa haft samband við breska fjármálaeftirlitið í apríl 2005 og látið þá vita af fyrirvörum sínum. Shearer lét af störfum í nóvember sama ár.

Sigurður Einarsson segir málið pólitíska myllu til að koma höggi á breska fjármálaeftirlitið, en snúist ekki um Kaupþing. Kaupþing hafi átt í góðu samstarfi við fjármálaeftirlitið, sem hafi, fyrir yfirtökuna, gert alvarlegar athugasemdir við rekstur S&F, sérstaklega þær er varðaði starfsþátt Shearers þegar hann var fjármálastjóri. „Rekstur bankans snarbatnaði eftir að Shearer hætti,“ segir Sigurður.

Shearer segir fleiri stjórnarmenn S&F hafa viðræð fyrirvara sína. Af sjö stjórnarmönnum hafi fimm ekki litist á nýja eigendur. „Af þessum ástæðum gerðum við Kaupþingi ljóst að við myndum einungis taka við peningum [sem greiðslu fyrir bankann], ekki hlutabréfum í Kaupþingi.“ Sigurður kannast ekki við athugasemdir annarra stjórnarmanna. - ss

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	1,3%	-6,0%
Bakkavör	-10,2%	-26,1%
Eimskipafélagið	-21,7%	-19,2%
Icelandair	0,4%	0,8%
Marel	-8,7%	-23,5%
SPRON	0,0%	0,0%
Straumur	0,6%	-15,6%
Össur	0,6%	-3,4%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.
Úrvælsvísitalan OMXI15 311
Úrvælsvísitalan OMXI6 879

Stuðningur eykst við ESB-aðild

Nær allir aðildarfélagar Viðskiptaráðs vildu nýja stjórn ríkis og Seðlabanka.

Yfirgnæfandi meirihluti aðildarféлага Viðskiptaráðs Íslands taldi í janúarlök nauðsynlegt að stokka upp í ríkisstjórninni, stjórn Seðlabankans og hjá Fjármálaeftirlitinu. Yfir níu af hverju tíu voru þessarar skoðunar.

Í tilefni af Viðskiptaþingi sem halda átti 4. febrúar kannaði Viðskiptaráð hug aðildarféлага til afleiðinga bankahrunsins á rekstrarstöðu fyrirtækja þeirra, stöðu stjórnarsýslu, aðgerða til úrbóta og afstöðu til Evrópusambandsaðildar. Þinginu var hins vegar frestað fram í mars, en niður-

stöður könnunarinnar voru birtar í gær.

Þá hefur stuðningur við umsókn um aðild að Evrópusambandinu stórukist. Í janúar í fyrra var um þriðjungur aðildarféлага Viðskiptaráðs þess sinnis, en tveir þriðju núna. Þá vilja flestir að hér verði tekin upp evra í stað krónu. „Sumir strax en aðrir í kjölfar aðildar að ESB. Einstaka þátttakandi nefnir aðra kosti, eins og til dæmis bandarískjádóllar,“ segir á vef Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð segir að afar já-

kvætt sé hve nýbirtur verkefna-listi nýrrar ríkisstjórnar komi til móts við mikið af væntingum aðildarféлага ráðsins. „Verkefni tengjast einkum atvinnulífi, heimilum, fjármálakerfi og stjórnsýslu og verður áherslan vonandi á fumlus vinnubrögð, hraða og skilvirkni. Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst umboð til úrlausnar á bráðavanda íslenskra fyrirtækja og heimila, en að loknum kosningum í vor er eðlilegt að við taki frekari stefnumörkun og stefnubreyting eftir því sem umboð fæst til.“

- ÓKÁ

Samið um skuldirnar

Viðræður stjórnenda Nýherja við lánastofnanir um framlengingu erlendra lána og eru þær sagðar hafa gengið vel.

Í tilkynningu félagsins til Kauphallar kemur fram að breytingar á innra skipulagi samstæðunnar og breytingar hjá bönkunum hafi tafið viðræðurnar, en gert sé ráð fyrir niðurstöðu í marsþjún.

Tilkynningin var send vegna ábendingar endurskoðenda. Fall krónunnar leiddi til þess að félagið uppfyllti í árslok ekki skilyrði lánasamninga um eiginfjárla- eða rekstrarhagnaðarhlutfall. - ÓKÁ

Fleiri strandhögg hjá Icelandic Glacial

Icelandic Water Holdings hefur gert samning um dreifingu og sölu á átöppuðu vatni úr Ölfusinu undir merkjum Icelandic Glacial við The Pantry, móðurfélag fjölmargra smávöruslana í SA-hluta Bandaríkjanna.

Undir móðurfélagið, sem er það þriðja umsvifamesta vestanhafs, heyrir 1.653 verslanir í ellefu ríkjum Bandaríkjanna. Þar á meðal eru The Pantry, Kangaroo Express, Mini Mart og Depot. Velta keðjunnar nam nú milljörðum dala á síðasta ári. Það jafngildir 1.000 milljörðum íslenskra króna.

Bandaríski netmiðillinn Food

Bev, leggur áherslu á umhverfisstefnu Icelandic Water Holdings í umfjöllun sinni um samninginn.

Icelandic Water Holdings er í eigu Jóns Ólafssonar, sonar hans, Kristjáns Jónssonar, og bandaríska drykkjarvörurans Anheuser Busch. Landnám þess hefur gengið vel víða um heim og mörg stjarnan vætt þurrar kverkar sínar með Ölfusvatninu, svo sem á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Nú síðast drukku kvikmyndastjórnur það á Sundance-hátíðinni í Utah í Bandaríkjunum fyrir um hálfum mánuði. - JAB

Þungt fram undan á fjármálamörkuðum

Horfur batna til skamms tíma beggja vegna Atlantsála með haustinu, að mati sérfræðings hjá Credit Suisse. Bestu kostirnir liggja í Brasilíu og Kína.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Við verðum að vera vakandi fyrir því að hagvísar til næstu fjögurra mánaða eru mjög neikvæðir víða um heim,“ segir Robert Parker, varastjórnarformaður og stofnandi eignastýringarviðs alþjóðalegra risabankans Credit Suisse, í samtali við Markaðinn. Hann var staddur hér á landi í síðustu viku og fór yfir möguleikana fram undan með fagfjárfestum.

Hann segir stöðuna grafalvarlega til skemmri tíma lítið. Ljóst sé að hagvöxtur dragist saman víða. Fyrsti ársfjórðungur verði verstur. Þá megi reikna með verðhjöðnun víða árið á enda.

„Við teljum að Bandaríkin keyri út úr kreppunni á þriðja fjórðungi en að hilli undir betri tíð í Evrópu og Japan undir lok árs,“ segir hann. Matið byggir á áhrifum snarprar lækkunar stýrivaxta víða ofan á umfangsmikila innspýtingu á fjármagni í stærstu iðnríkjum heims.

Þá skiptir máli fyrirhuguð stofnun sérstaks sjóðs (e. bad bank) í Bandaríkjunum, sem stefnt er á að kaupi nær verðlausar eignir þarlendrar banka. Á meðal eignanna eru skuldabréf fyrirtækja, íbúðabréf og fleiri tengdar eignir sem hafi lækkað mikið í verði. Slíkt hreinsi til í fjármálakerfinu og geti varið það fyrir frekari innri áföllum. Mikilvægt sé að fleiri slíkir sjóðir líti dagsins ljós í öðrum löndum, svo sem á evrusvæðinu. Það geti dregið mjög úr hættunni á bankahruni. „Við teljum reyndar að sú hætta sé liðin hjá að mestu,“ segir hann en bætir við, að aðgerðir seðlabanka víða um heim hafi dregið úr kostum skuldabréfamarkaðarins. Þar sé lítið um góða kosti. Raunar megi segja að ár skuldabréfanna sé liðið, að hans mati.

Ástæðan fyrir viðsnúningi vestanhafs á seinni hluta árs er fyrst og fremst viðamikil björgunaraðgerð Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna. Hún bætist við aðrar björgunaraðgerðir sem muni hleypa fjármálamörkuðum af stað. Hann segir Kínverja þó eiga metið, séu björgunaraðgerðirnar miðaðar við



ROBERT PARKER Stofnandi eignastýringarviðs Credit Suisse kynnti fagfjárfestum tækifærin úti í hinum stóra heimi í boði Alfa fjárfestingaráðgjafar í síðustu viku. Það versta gengur yfir í haust, að hans mati. MARKAÐURINN/PIJETUR

hlutfall af landsframleiðslu. „Fjárfestar áttu slæma tíð í Kína í fyrra en þá fór markaðurinn niður um sextíu prósent. Markaðurinn hefur batnað verulega síðan þá, ég mæli með honum,“ segir Parker. Brasilía er á sama lista.

„Þetta verður hins vegar hægur og erfiður bati,“ segir Parker og bætir við að hann sé sömuleiðis jákvæður með horfurnar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í byrjun næsta árs. Þó sé hætta á að hægist á ný þegar áhrif björgunaraðgerðanna fjara út. Megi því reikna með svolítili niðursveiflu um mitt ár. Hún verði þó fjarri því jafn slæm og sú sem nú stendur yfir.

Styrking krónu ólíkleg

Til skemmri tíma lítið er styrking krónunnar ólíkleg að mati Sven Schubert, greinanda Credit Suisse. Krónunni sé fremur hætt við veikingu.

Í greiningu sem bankinn birti í gær er landinu þó talið til tekna að hér hafi orðið stjórnarskipti og að skipta eigi um stjórn í Fjármálaeftirlitinu. Er það sögð merki um að stjórnmalamenn axli ábyrgð á því hvornig hér sé komið fyrir efnahagslífinu.

„Dótt pólitískur óstöðugleiki kunni að aukast þar sem áfram er óljóst hvort ný stjórn nær að friða Íslendinga, viðhafa góða stjórnarhætti og vinna með Alþjóðagjald-eyrissjóðnum [AGS], þá eru fyrstu yfirlýsingar nýrra stjórnarflokka uppörvandi,“ segir Sven Schubert. Hann bendir þó á að þótt AGS meti það svo að jafnvægisgengi krónu gagnvart evru sé nærri 140 krónum, þá muni miklu á skráðu gengi



FÓLK OG FÁNI ESB Greinandi Credit Suisse segir líklegt að Evrópusambandið verði hér kosningamál í vor.

hér innanlands (147,95 krónur evran) og svo utan, þar sem gengi evru sé skráð á milli 210 og 230 krónur. Fyrirhugað afnám gjald-eyrishafta kunni að setja aukinn þrýsting á krónuna og ólíklegt að hún styrkist í bráð þrátt fyrir viðsnúning viðskiptahalla. - ÓKÁ

AFKASTAMIKLAR OG SVÍKJA ALDREI LIT

Litaljósritunarvélarnar frá Konica Minolta eru einfaldar og hagkvæmar í notkun, gefa kost á ódýrri litprentun og krefjast lítills viðhalds. Tryggar, traustar og alltaf í vinnunni.



BIZHUB C203

Litur: Já
Afköst: 20 bls/mín
Pappírskúffur: 1.150 - 3.650 bls
Pappírþykkt: 64-271 g/m2
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritunar, prentun, skönnun, email
Aukabúnaður: Fax, frágangsbúnaður

BIZHUB C353

Litur: Já
Afköst: 35 bls/mín
Pappírskúffur: 1.150 - 3.650 bls
Pappírþykkt: 64-271 g/m2
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritunar, prentun, skönnun, email
Aukabúnaður: Fax, frágangsbúnaður

BIZHUB C550

Litur: Já
Afköst: 55 bls/mín
Pappírskúffur: 3.650 - 6.650 bls
Pappírþykkt: 64-256 g/m2
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritunar, prentun, skönnun, email
Aukabúnaður: Fax, frágangsbúnaður

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

„Mér finnst gott að geta samræmt æfingar og daglegt líf. Vinnudagurinn byrjar snemma og ég þarf að vera upplagður þannig að ég legg áherslu á hollt og gott mataræði, reglulega hreyfingu og styrkingu líkamans með Slendertone. Ég vil geta valið hvernig ég ver fítíma mínum og Slendertone er ótrúlega einfalt og þægilegt í notkun og nákvæmlega engin fyrirhöfn. Ég nota Slendertone þegar ég vinn í tölvunni, horfi á sjónvarpið, þegar ég fer út að ganga eða hvenær sem ég hef lausan tíma“.

*Heimir Karlsson
dagskrárgerðarmaður á Bylgjunni í bítið.*



Eitt stjórtæki með hleðslurafhliðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

SLENDERTONE™

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra
kr. 29.900,-



DÖMUPAKKI 1

Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og
upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

DÖMUPAKKI 2

Belti + buxur
þjálfar rass og læri og
kviðvöðva
kr. 39.900.-

DÖMUPAKKI 3

Belti + buxur + armar
þjálfar kviðvöðva, rass og
læri og upphandleggsvöðva
kr. 46.900.-

HERRAPAKKI 1

Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og
upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

SLENDERTONE
System

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



ROKID Á DYR Eftirminnlegasta atvikið var án efa þegar Reced Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Egyptalands, stóð upp frá pallborði sínu á öðrum degi ársfundarinnar í Davos, strunsaði út og flaug heim. Við borðið sátu Shimon Peres, forseti Ísraels, Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Amr Moussa, framkvæmdastjóri Arababandalagsins. Með uppstandinu mótmælti Erdogan því að Peres fékk tvöfalt lengri tíma en hann til að flytja mál sitt og verja aðgerðir Ísraels hers á Gasasvæðinu.

MARKAÐURINN/AP

BJÖRN BORG	J.LINDBERG	DOLCE&GABBANA
ROBERT LA ROCHE	ROBERTO CAVALLI	BVLGARI
CHANEL	PRADA	TOM FORD
RALPH LAUREN		BELLINGER
PERSOL		DaG
CUTLER AND GROSS		RAY BAN
TOM FORD	PRADA	VERSACE
J.LINDBERG	TOM FORD	CHANEL
PRADA	BVLGARI	DONNA KARAN
RAY BAN	TIGER OF SWEDEN	PRADA
BURBERRY	BJÖRN BORG	ROBERTO CAVALLI
VERSACE	TOM FORD	PERSOL
ROBERT LA ROCHE	DONNA KARAN	BVLGARI
DOLCE&GABBANA	CUTLER AND GROSS	J.LINDBERG
FACE	BJÖRN BORG	PEAK PERFORMANCE
PRADA	CHANEL	BVLGARI

FRÍAR SJÓNMÆLINGAR TIL 1. MARS NK.

Pantaðu tíma: SMÁRALIND 528 8500 KEFLAVÍK 421 3811

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

BURBERRY	BELLINGER	VERSUS
PERSOL	BRUUNS BAZAAR	RAY BAN

Árangurslítill fundur í Alpabænum

Ráðstefnugestir ársfundar World Economic Forum í Davos í Sviss voru vongóðir um að lausn myndist á efnahagskreppunni. Lausn fannst ekki enda beindu menn sjónum inn á við, rökræddu vandann og leituðu sökudólga. Nánasta framtíð er ekki björt, en væntingar eru um bata á næsta ári. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* leit yfir helstu þrætuepli ársfundarinnar.

Fimm daga ársfundi Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum) í Alpabænum Davos í Sviss lauk á sunnudag.

Fundurinn var með rölegra móti en fyrri ár og eru menn nokkuð sammála um að yfirskrift hans hafi ekki verið í neinu samræmi við innihaldið. Hún var: Uppbygging í kjölfar kreppu.

Fundargestir, rúmar tvö þúsund sálir, voru almennt sammála um að ársfundurinn hefði skilad litlu ef nokkru að því undanskildu að ekki sér fyrir endann á kreppunni, sem margir óttast að verði dýpri en fyrri spár hafi almennt gert ráð fyrir. Vonargætu verði ekki að vænta fyrir en í fyrsta lagi á fyrri hluta næsta árs – það er þó að því gefnu að þjóðir heims leggist á eitt um að spyrna við fótum gegn kreppunni.

Lausnir á yfirstandandi heimsvanda var ekki að finna við lok ársfundar á sunnudag, enda leituðu gestir hans fremur inn á við, ræddu um vandamálin og afleiðingarnar því tengdu, líkt og fréttaritari breska ríkisútvarpsins (BBC) greindi frá.

Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands, lýsti ársfundinum reyndar ágætlega um liðna helgi þegar hún benti á nauðsyn þess að nýta vettvanginn til að sá fræjum og teikna upp tillögur sem leggja má á borð fyrir G20-fundinn, leiðtogafund tuttugu umsvifamestu iðnríkja heims, sem boðað hefur verið til í Lundúnum í Bretlandi í apríl.

VEISLUGESTUR GAGNRÝNDUR

Veislurnar í Davos voru færri en fyrri ár, sem var kannski ekkert svo skrítið; fá ef nokkur tilfærni voru til að skála í freyðandi kampavíni yfir súkkulaðihjúpuðum jarðarberjum.

Á meðal þátttakenda voru um fjörtúur þjóðarleiðtogar, forstjórar stærstu fyrirtækja heims og forsvarsmenn góðgerðasamtaka, svo fáeinir séu nefndir.

Engir skemmtikraftar voru fengnir til að skemmta gestum líkt og fyrri ár en þau Angelina Jolie, Sharon Stone og Bono, söngvari U2, hafa áður gengið í þau verk.

Nokkrir fastagestir létu sig vanta, bæði vegna anna heima fyrir, aðrir hreinlega fallnir úr hópnum og í ónáð, ekki síst bankastjórar nokkurra af stærstu bönkum heims sem látnir voru taka poka sinn í kjölfar brunagats í efnahagsreikningi bankanna af völdum fjármálakreppunnar. Aðrir voru of önnum kafnir, svo sem Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, og Ben Bernanke, seðlabankastjóri landsins.

Þrátt fyrir annir á heimavelli er þó fjarri því að forsetaembættið hafi hunsað ársfundinn. Fulltrúi þess var Valerie Jarrett, ráðgjafi Hvíta hússins.

Eins og bandaríska stórblaðið The New York Times komst að orði varð hún fyrir því hálfgerða skítkasti sem beint var gegn Bandaríkjamönnum og því auma



PREYTTUR FRUMKVÖÐULL Það er engu líkara en Bill Gates, annar stofnandi og fyrrum forstjóri bandaríska hugbúnaðarísans Microsoft, hafi dottað áður en hann ræddi við gesti ársfundarinnar á föstudag. Gates sat ársfundinn í nafni góðgerðasamtakanna Bill and Melinda Gates Foundation, sem hann setti á laggirnar ásamt eiginkonu sinni.

MARKAÐURINN/AP



KANSLARINN Angela Merkel Þýskalandskanslari tók þátt í pallborði með Klaus Schwab, stofnanda og framkvæmdastjóra Davosfundarinnar, á föstudag.

MARKAÐURINN/AP

regluverki með fjármálamörkuðum, sem þar hafði viðgengst en afleiðingarnar hafa smitað út frá sér um allan heim.

Vart verður við Jarrett að sakast en hún mun vera vinkona Obama og sest fyrir hans tilstuðlan í ráðgjafastöðinni í Hvíta húsinu.

AUKIÐ EFTIRLIT

Eins og gefur að skilja fékk umræðan um bætt eftirlit með fjármálamörkuðum talsvert rými á ársfundinum. Breska ríkisútvarpið hefur eftir fundargestum að vissulega megi finna að slíku, tillögur um yfirstofnanalegt og alþjóðlegt eftirlitsráð sem rýna muni í bækur banka og fjármálafyrirtækja þegar tilefni sé til komi of seint úr því sem komið er. Hugmyndin sé engu síður góð og gild í sjálfu sér, ef marka má fremur jákvæð viðbrögð Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, fyrir henni.

Klaus Schwab, stofnandi og stjórnandi ráðstefnunnar, benti hins vegar á að fjármálafyrirtækin gætu engu síður sýnt hvað í þeim búi þrátt fyrir allt, gripið fram fyrir hendur hins opinbera og sett sjálf á laggirnar eftirlitsapparat sem myndi hafa slíkt á sinni könnu.

Umræðan var rauði þráðurinn í Alpabænum meðan á ársfundinum stóð. Hún kom aftur upp á yfirborðið í pallborðsumræðum á vegum BBC á lokadeginum en þá sagði Bharrat Jagdeo, forseti Guyana í Suður-Ameríku, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) geta sinnt hlutverkinu með fullnægjandi hætti.

Guyana hefur um áráraðir glímt við erlendan skuldaklafa en hefur losnað við hann að mestu fyrir tilstuðlan AGS og Alþjóðabankans. Jagdeo, sem hefur hlotið mikið lof fyrir það afrek heima fyrir, sagði á sunnudag að hann þakkaði það áætluninni sem AGS hafi lagt á þjóðina að fara eftir.

BJÖRGUNARAÐGERDIR

Vart verður hjá því lítið að björgunaraðgerðir stærstu þjóða heims var gegnumgangandi þema á ársfundinum í Davos. Aðgerðirnar voru raunar þær sem mestur styr stóð um.

Björgunaraðgerðir þessar heyra beint undir ríkisstjórnir hvers lands fyrir sig og kveða á

um stofnun sjóða sem fjárfesta munu í ákveðnum geirum. Björgunarsjóður bandarískra stjórnvalda ver sem dæmi stærstum hluta fjármuna sinna til uppbyggingar í innviðum samfélagsins, svoköllum veitum (e. infrastructure). Sjóðir af sviðum toga hafa verið stofnaðir í Kína og víðar, svo sem í Evrópu.

Eins og fram kom í máli Roberts Parkers hjá eignastýringu alþjóðlega risabankans Credit Suisse, frammar í Markaðnum, standa vonir til að þessir risasjóðir verði til þess að skapa botn í efnahagskreppunni og spyrna við upp á ný.

Helsta áhættan við sjóði sem þessa er einangrunarstefnan og tollamúrarnar sem þeir kunna að leiða út frá sér. Slíkt er vitanlega eitur í beinum ráðstefnugesta í Davos, sem einn alþjóðlegra fjölmiðla á svæðinu sagði hjarta alþjóðavæðingarinnar.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum voru ekki síst gagnrýnd fyrir verndarstefnu sína. Björgunarpakki Obama forseta upp á rúma 800 milljarða dala, jafnvirði um trilljón króna (hundrað þúsund milljarða króna) verður auk uppbyggingar í veitukerfum, svo sem til menntamála, í vegagerð og byggingu opinberra stofnana. Þá verður sömuleiðis háum upphæðum varið til ljósleiðaravæðingar vestanhafs.

Gagnrýnendur björgunarpakka sem þessa segja aðgerðirnar geta komið harkalega niður á hinum frjálsa markaði. Hið opinbera eigi fremur að styrkja einkafyrirtæki til framkvæmdanna en að standa í þeim sjálf. Stór hluti björgunarpakans rennur raunar beint í vasa stálframleiðenda en vonast er til að aukni fjármagn í þann rann auk tollamúra – undir merkjum kaupum bandarískt – muni blása lífi í þann deyjandi geira vestra sem gallabuxnarokkarinn Bruce Springsteen hefur kyrjað margan sönginn um.

Fundargestir voru nokkuð sammála um að verndarmúrar og einangrunarstefna sem þessi væri slæm enda myndi alþjóðavæðingin verða fyrir óbætlanlegum skaða af völdum þess.

Ráðstefnugestir á borð við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, settu sig sérstaklega upp á móti aðgerðum bandarískra stjórnvalda, svo sem stuðningi banda-

Álveislunni lokið

Rússneski olígarkinn Oleg Deripaska, ríkasti maður landsins, sem jafnframt er forstjóri og stærsti hluthafi ársrisans Rusal, sagði á ársfundinum um helgina uppsveflu í álgeiranum lokið í bili.

Rök hans eru þau að þrengingar á helstu mörkuðum muni valda því að áfram muni draga úr eftirspurn eftir áli. Eftirspurnin hefur nú þegar dregist saman um fjórðung á milli ára og hafa álbirgðir hrannast upp hjá helstu framleiðendum af þessum sökum.



FORSÆTISRÁÐHERRA OG OLÍGARKI Dmitri Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, og Oleg Deripaska ræða málin. MARKAÐURINN/AFP

Þessi þróun mun svo valda því að framleiðendur, svo sem Rusal og Alcoa, muni draga frekar úr álframleiðslu til að halda verðinu uppi, að hans mati.

Álverðið hefur lækkað gríðarlega síðustu tólf mánuði og stendur nú um stundir í kringum 1.349 dali á tonnið. Það er um 150 dölum á tonnið undir arðsemismati Kárahnjúkavirkjunar.

Gangi væntingar Deripaska fram að ganga mun verðið hækka lítillega og standa í 1.600 dölum á tonn næstu sjö ár að meðaltali. - jeb

Kverúlöntum fagnað

Þeir Nouriel Roubini og Nassim Nicholas Taleb voru ágætir staðgenglar þeirra kvikmyndastjarna og tónlistarmanna sem létu sig vanta á Davos í ár.

Félagarnir tilheyrðu flokki svartagallsrausara í uppsveflunni en hafa – eins og kunnugt er – fengið uppreist æru í kreppunni. Þótt báðir hafi þeir verið búsettir í Bandaríkjunum um áráraðir þá tilheyra þeir minnihlutahópum vestra: Roubini, sem spáði kreppu árið 2007, er fæddur í Tyrklandi en Taleb í Líbanon.

Svartsýnin var ekki minni hjá þeim félögum nú en fyrri ár. Báðir segja þeir bandaríska banka standa mjög höllum fæti. Þeir séu tæknilega gjaldþrota og verði að leita allra leiða til að endurfjármagna sig og bjarga áður en allt fari á verri veg.

Taleb, sem sló í gegn svo um munaði með bók sinni The Black Swan, sem kom út á góðærisárinu 2007, sagði raunar nauðsynlegt að ríkið þjóðnýtti banka og fjármálafyrirtæki. Skattgreiðendur myndu þó borga fyrir veisluna eins og svo oft áður.

rískra stjórnvalda við þarlandan bílaiðnað – sem ríkisstjórn Bush raunar studdi. Rökin fyrir andstöðunni eru vissulega mikilvægi markaðarins í Bandaríkjunum fyrir heildina, viðskiptalönd víða um heim sem hafi notið góðs af útflutningi vestur um haf.

Fréttaritari bandaríska dagblaðsins The New York Times blæs reyndar á gagnrýnisráðir sem þessar og bendir á að Frakkar, Bretar og Svíar hafi dælt út fjármagni til bílaframleiðenda á heimamörkuðum sínum. Er þá ótalin stuðningur Evrópusambandsins við bændur.

ÍSLANDSHRUNIÐ Í DAVOS

Ljóst er að engar lausnir fundust á ársfundinum í Davos um helgina við þeim efnahagsvanda sem blasir við fjölmörgum þjóðum og hefur bundið aðrar í klafa kreppu og skulda. Reikna megi þó með því að umfangsmiklar og samstilltar aðgerðir ríkisstjórna víða um heim muni skila sér í hægum en sársaukafullum bata – hversu lengi hann muni vara sé óvíst. Frekari aðgerða megi raunar vænta síðar enda fræjum sáð um helgina. Þau muni spíra á leiðtogafundi tuttugu stærstu iðnríkja heims í Lundúnum eftir tvo mánuði.

En hvað er fram undan? Met-söluhöfundurinn Thomas L. Friedman, sem þátt tók í einu pallborðanna í Davos, segir í dálki sínum í bandaríska dagblaðinu The New York Times á sunnudag, óvissuna eina fasta haldreiði í tilverunni nú. Óvissu sem ekki verði eytt á næstu mánuðum og verði menn að lifa með henni líkt og öðrum ólæknandi sjúkdómi.

Hann segir að björgunaraðgerðir verði að ganga í gegn, ríkisstjórnir verði að taka yfir trausta banka sem standi illa og taka úr þeim verðlausar eitradar eignir. Þá verði að horfast í augu við það að þau fyrirtæki sem verst séu stödd verði að fara í gjaldþrot en öðrum skellt saman.

Friedman nefnir stjórnarskiptin hér um liðna helgi. Það sé hættan sem stafað geti af efnahagskreppunni, eitt spilanna í dómínóinu. Fall sem leiðir af efnahagshruninu en geti verið liður í erfiðri og sársaukafullri leið til betri vegar. Hvenær sú tíð rennur upp liggur ekki fyrir.

Íslandsgrín

Thomas L. Friedman, sem skrifað hefur metsölubækur um alþjóðavæðinguna og ritar pistla í bandaríska stórblaðið The New York Times, segir í dálki sínum í blaðinu á sunnudag brandara hafa gengið um Ísland á ársfundinum í Davos.

Hann er svona: Hver er höfuðstóll Íslands? 25 Bandaríkjadalir (e. What is the capital of Iceland? Answer: \$25).

Björk

Helga

Edda

Fularámtö

Allt sem þið vitið ekki um konurnar í lífi ykkar

FRUMSÝNT 20. FEBRÚAR

FORSALA HEFST Í DAG

FORSÖLUTILBOÐ FYRIR MASTERCARD KORTHAFI: MIÐINN Á 1990 KR.

(ALMENNT VERÐ ER 3450 KR.)

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 18. FEBRÚAR

MIÐASALA Í SÍMA 4 600 200 OG Á WWW.MIDI.IS

-kjarni málsins!

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!

Miðasala í síma 4 600 200 | www.leikfelag.is

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Uppgjörs er þörf við pólitískar stöðuveitingar og aðrar syndir fyrri tíma. Ný seðlabankastjórn er góð byrjun.

Valdamissir og barnaleg viðbrögð

Óli Kristján Ármannsson skrifar

Bankastjórn Seðlabanka Íslands er rúin trausti á alþjóðavísu og hefur það legið fyrir síðan í haust. Ný ríkisstjórn hefur þegar tekið fyrstu skrefin í að koma bankastjórninni af og er það vel.

Í bréfi sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ritar seðlabankastjórnunum segir að ljóst sé að traust manna á fjármálakerfi okkar hafi bedið gifurlegan hnekki. „Á það jafnt við um fjármálafyrirtækin sem starfað hafa á markaðnum og opinbera aðila, ráðuneyti og stofnanir sem hlutverk hafa haft við stjórnun og eftirlit með fjármálakerfinu og er Seðlabanki Íslands þar ekki undanskilinn.“ Nýi forsætisráðherrann fer þess svo á leit við bankastjórana að þeir hugleiði að biðjast lausnar sjálfir og leggjast með því „á sveif með stjórnvöldum í viðleitni þeirra til að endurvekja traust og trúverðuleika á Seðlabanka Íslands enda megi ætla að mannabreytingar einar og sér geti verið til þess fallnar“.

Formaður bankastjórnarinnar er erlendis og gaf ekki svar í gær, en augljóslega væri það besti kostur að bankastjórnarnir legðust með á árar í að efla traust á hagstjórn landsins. Einhvers konar stríð við nýja ríkisstjórn gæti enda orðið til að rýra enn traust á landinu og auka þær byrðar sem landsmenn þurfa að bera í kjölfar hruns fjármálakerfisins hér. Nóg er nú samt.

Fræðimenn og fjölmiðlar hafa margtítrekað bent á þann vanda sem fylgir skorti á trúverðuleika stjórnar Seðlabankans og raunar stóralvarlegt hvað dregnar hafa verið lappirnar í nauðsynlegum umbótum þar.

Viðbrögð sumra forsvarsmanna Sjálfstæðisflokksins við nýafstöðnum valdamissi og nauðsynlegum breytingum í Seðlabankanum sýna að stjórnarskiptin voru líkast til ekki umflúin, jafnvel þótt þau kölluðu á tímabundna pólitíska óvissu. Í þeim endurspeglasta öngstrætið sem menn eru komnir í í túlkun sinni á aðstæðum.

Sú tilhöggun að skipa stjórnarmálamann í embætti seðlabankastjóra er arfleifð fyrri tíma pólitískrar fyrirgreiðslu og vanmats á mikilvægi þess embættis í hagstjórn. Barnaleg viðbrögð Geirs H. Haarde og Halldórs Blöndal, með yfirlýsingum um hatur á Davíð Oddssyni seðlabankastjóra og eineltis í garð bankastjórnarinnar eru þeim báðum til minnkunar og endurspeglar ekki annað en hve ófærir þeir eru að líta í eigin barm eftir stjórnartíð þar sem aðrir hagsmunir en þjóðarhagur hafa verið hafðir í fyrirrúmi, hvort heldur það eru atvinnu- og viðskiptahagsmunir útvalinna, eða flokkshagur. Nóg er komið af því að þjóðinni sé sendur reikningurinn fyrir innanflokkskrísur stjórnmalaflokka. Staða efnahagsmála er alvarlegri en svo að hagsmunir einstaklinga (eða stjórnmalaflokka) verði teknir fram yfir þjóðarhag.

Svo er bara óskandi að nýrri ríkisstjórn takist að vera samstiga í þeim verkum sem þjóðarhagur krefst að gengið verði í fram að kosningum í apríllok. Illu heilli virðist sem stærri álitamálum um hvernig hag þjóðarinnar verður best komið til lengri tíma hafi verið frestað þangað til.

Augljóslega væri það best kostur að bankastjórnarnir legðust með á árar í að efla traust á hagstjórn landsins. Einhvers konar stríð við nýja ríkisstjórn gæti enda orðið til að rýra enn traust á landinu og auka þær byrðar sem landsmenn þurfa að bera í kjölfar hruns fjármálakerfisins hér. Nóg er nú samt.

Hversu djúp, hversu löng?

ORD Í BELG

Póra Helgadóttir
hagfræðingur.



Íslenska hagkerfið er í millibilsástandi. Eftir uppgang síðustu ára vofir kreppa yfir, hún er alveg að koma. Nýtt og breytt Ísland er handan við hornið eða kannski handan við þar þarnæsta horn. Hversu langvarandi, djúp og breið kreppan verður og hvað mun taka við veit enginn. Alger óvissa er ríkjandi. Landsmenn vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga og sitja því sem fastast á öllum vígstöðvum.

Það má kannski líkja íslenska hagkerfinu við fíkil. Fíkniefnið er lánsfé og það er snögglega búið að minnka framboðið. Ísland er ekki eitt á báti hvað þetta varðar en hér er ekki búið að hefja meðferðina. Til viðbótar eru fráhrarfeinkennin umtalsvert verri en annars staðar. Í raun eru þau að ganga af sjúklingnum dauðum. Þá er sama hvort lítið er á gjaldeyrishöftin, 18 prósentastýrivi, sársaukafullan niðurskurð í ríkisútgjöldum, stjórnarslit, óstarfhæfa peningamálastjórn, aukid atvinnuleysi eða algjöra óvissu um framtíðina.

Vissulega má deila um hvaða meðferðarúræði eru í boði en það er hins vegar deginum ljósara að það þarf að byrja að meðhöndla sjúklinginn en ekki einblína á ástæður fíknarinnar eða hvað leiddi hann út í neyslu til að byrja með.

HAGSPÁR Í MYRKRI

Horft er vonaraugum á hagfræðingna sem reyna að sjúkdómsgreina og spá fyrir um batahorfur. Þeir þjóa engar tófralaunsir, aðeins mismunandi sársaukafull meðferðarúræði. Þegar kemur að batahorfum stíga hagfræðingar varlega til jarðar enda erfitt að spá í myrkri. Hagspár dagsins í dag gefa aðeins örtilta vitneskju um hvað er handan við hornið.



MÓTMÆLI VIÐ ALPINGISHÚSIÐ Í JANÚAR Greinarhöfundur bendir á að þótt meðalhæð íslenskra karla sé 180,6 sentimetrar þýði það ekki að hér séu allir karlar rétt yfir einum og áttatíu. Sama gildi þegar horft sé til meðaltalstalna annarra kreppna sem gengið hafi yfir lönd.

MARKAÐURINN/VILHELM

OG HVAÐ SVO?

Markmiðin voru háleit og Ísland átti meðal annars að verða fjármálamiðstöð. Það er ekki lengur raunhæft. Nú þarf þjóðin að vera raunsæ; fjölmörg störf í fjármála-geiranum hafa tapast og koma ekki aftur í brád. Það sama má segja um mörg störf í byggingariðnaði, fasteignaviðskiptum og bílasölu svo að fátt eitt sé nefnt.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fjölgaði störfum í fjármála- og tryggingaþjónustu um 40 prósent frá 2003 til 2007, í mannvirkjagerð um 45 prósent og í fasteignaviðskiptum um rúm 20 prósent á sama tímabili.

Tölurnar tala sínu máli. Ljóst er að gifurleg uppstokkun er fram undan, bæði hér á landi sem og annars staðar. Það er hins vegar enn þá verið að stokka spilin og ekki byrjað að gefa. Kannski mun Ísland skara fram úr sem ferðamannaparadís á næstu árum, ef til vill mun íslensk hönnun og list blómstra eða orkugeirinn rísa upp. Það er ómögulegt að segja en eitt er víst, nú þurfa frumkvöðlar landsins að láta til sín taka.

Að mati sérfræðinga innan Evrópusambandsins er mikill mannaauður á Íslandi sem og metnaðarfull rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Hins vegar virðist vera skortur á að sú starfsemi leiði til verðmætasköpunar. Lausnin, að mati sérfræðinga sambandsins, er meðal annars að auka stuðning við nýsköpun og tryggja að fjármögnunar- og starfskilyrði fyrirtækja séu bærileg.* Oft var þörf en nú er nauðsyn, það þarf að meðhöndla sjúklinginn svo hann geti látið til sín taka á nýjum sviðum.

ÓVISSAN ER VERSTA EITRÍÐ

Ráðamenn þjóðarinnar verða að draga úr óvissu eða með öðrum orðum ákveða hvaða meðferðarúræðum skuli beita og upplýsa þjóðina um hver þau verði. Skapa traustan jarðveg svo nýjar og gamlar atvinnugreinar geti mögulega vaxið og dafnað, leggja skýrar línur í málum sem tengjast auðlindum okkar og tryggja að komandi kosningar auki ekki enn frekar á óstöðugleika.

Mikilvægtast er að enda það millibilsástand sem nú ríkir og beita vídeigandi meðólum þótt aukaverkanirnar kunni að verða nokkrar. Hagfræðingar nær og fjær geta sammælst um að óvissan sé versta eitrið. Ný ríkisstjórn hefur sent frá sér metnaðarfulla verkefnaskrá, vonandi verða verk lätin tala og meðferð hefjast á næstu vikum.

*Policy, Trend and Appraisal Report: Iceland 2008 (European Commission).

ORDSKÝRINGIN

Raunstýrivextir

Ef einhver kastaði man spurningunni „hvað eru stýrivextir hér háir í raun?“ gæti einhver kastað fram svarinu „18 prósent, með þeim hæstu á byggðu bóli“. Hagfræðingur myndi hins vegar álykta að verið væri að spyrja um „raunstýrivexti“ en leikmaður grípur það orð hins vegar ekki alveg á lofti, utan að telja að raun sé að hafa þá jafnháa og raun ber vitni. Raunstýrivextir eru nefnilega stýrivextir að frádreginni verðbólgu og endurspeglar þannig ávöxtun fjár að frádregnum kostnaði. Hér er verðbólga í hámarki um þessar mundir, aðeins yfir 18 prósentum og raunstýrivextir því rétt um



eða undir núllinu. Spá Seðlabankans gerir hins vegar ráð fyrir því að verðbólga fari nú hratt lækkandi og þar með hækka raunstýrivextir sjálfkrafa og gefur bankanum svigrúm til að lækka stýrivexti þegar „hæfilegu“ raunstýrivaxtastigi er náð, en sérfræðinga kann að greina á um hvar það er að finna. Raunstýrivaxtastigið þarf að vera nægilega hátt til að styðja við krónuna þegar gjaldeyrishöftum sleppir, en hér hefur það oft verið á bilinu tvö til fjögur prósent á tímum þegar verðbólga hefur ekki verið úr böndum.

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRN: Óli Kr. Ármannsson, olkr@markadurinn.is RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, jonab@markadurinn.is AUGLÝSINGASTJÓRN: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. ADALSÍMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: www.visir.is UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með fréttablaðinu. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

MARKAÐURINN

Einfalt mál

á www.visir.is
alla daga



VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR

Vörumerki Shell eru notað með leyfi Shell Brands International AG

DYNAWO REYKJAVÍK

Velkomin á bensínstöðvar Shell um allt land



Skeljungur

– með þér alla leið



BANKAHÓLFID

Fundað var með fleirum en FME

„Því hefur verið slegið fram að Fjármálaeftirlitið [FME] hafi verið í hlutverki klappstýru og verndað bankana fyrir erlendri gagnrýni,“ segir í frétt sem birtist á vef FME í gær. Þar er hins vegar áréttað að leitast hafi verið við að gefa bestu fánlegu upplýsingar. Á fundum hafi meðal annars verið farið yfir þær áskoranir sem FME taldi að fjármálamarkaðurinn og fjármálaafyrirtæki stæðu frammi fyrir, svo sem fjármögnun og þröngt eignarhald. Fundum með útlendingum, að þeirra frumkvæði, fjölgaði mjög eftir vöxt bankanna árin 2004-5. Um hafi verið að ræða „greiningaraðila, lánshæfismatsfyrirtæki, fjölmiðla og fjármálaafyrirtæki“ sem hingað komu til að „kynna sér aðstæður og hitta ýmsa aðila svo sem aðrar stofnanir, ráðuneyti og aðila á fjármála-markaði“.



Sjálfsbjargarviðleitni

Greint var frá því í síðustu viku að forstjórar nokkurra fjármála-fyrirtækja hafi fært eignarhluti sína í fasteignum yfir á nafn eiginkvenna sinna beggja vegna efnahagshrunsins í október. Það er sosum ekkert einsdæmi því Dick Fuld, fyrrverandi forstjóri bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers, greip til sömu ráða og kollegar hans áður en bankinn fór á hliðina mánuði fyrir hrúnið hér. Talsvert meira veldi mun þó hafa verið á Fuld og því seldi hann konu sinni þær á bilinu tíu til hundrað Bandaríkjadali. Það gerir tæpan tólf þúsund kall íslenskar.

Fórnarlömb og gerendur

Í grein sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor fékk birta í Wall Street Journal í gær segir hann Davíð Oddsson seðlabankastjóra og Geir H. Haarde fyrrum ráðherra meðal fyrstu pólitísku fórnarlamba alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Væntanlega með Yves Leterme, fyrrum forsætisráðherra Belgíu, en stjórn hans féll eftir hneyksli tengt yfirtökunni á Fortis-bankanum. Tæpast er þó einhugur um hvort rétt sé að nota hugtakið fórnarlömb (e. *political casualties*) yfir þá sem einhverjir myndu telja gerendur í því hvernig hér hefur farið. Það rímar þó væntanlega við þá skoðun að stjórn Seðlabankans sé fórnarlamb eineltis og hefði ekki þurft að víkja vegna trúverðugleika peningamálastefnunnar.



39 milljónir punda greiddu starfsmenn og stjórnendur Merrión Capital, verðbréfamíðlunar Landsbankans á Írlandi, fyrir 84 prósent af miðluninni, eða um 6,4 milljarða króna.

1,3 milljónir Toyota Yaris bíla verða innkallaðir víða um heim vegna galla í bílbeltastrekkjara sem talin er stafa eldhætta af.

10 prósent bandarískra bílaumboða gætu þurft að leggja niður starfsemi á árinu vegna samdráttar. Bílasalar vestra þingudu nýverið í New Orleans.

Hve langt myndir þú ganga til að varðveita leyndarmál?



KATE WINSLET RALPH FIENNES

The Reader

5 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR
PAR A MEDAL
BESTA MYNDIN
BESTI LEIKTJÓRNIN STEPHEN DALDRY
BESTA LEIKKONAN KATE WINSLET
BESTA HANDRITID DAVID HARE

GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI
BESTA LEIKKONAN
KATE WINSLET

5 TILNEFNINGAR TIL BAFTA VERÐLAUNA
PAR A MEDAL
BESTA MYNDIN
BESTI LEIKTJÓRNIN STEPHEN DALDRY
BESTA LEIKKONAN KATE WINSLET
BESTA HANDRITID DAVID HARE

Frumskýnd:
6. febrúar

Hvar:
Háskólabíó

Ekkert hlé á góðum myndum!
Skráning á póstlistann margborgar sig - www.graenaljosid.is

græna ljósið

Hefur þú lent í slysi?

Kannaðu rétt þinn til bóta

Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi eða frítímaslysi getur þú átt rétt á bótageiðslum. Hafðu samband við PACTA lögmenn sem fyrst og kannaðu rétt þinn til bóta. Við höfum áralanga reynslu á þessu sviði.

Fyrsta viðtal til að skoða málið er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband og pantaðu viðtal í síma 440 7900 eða á www.pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N